

Nd.

630. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um laun háskólakennara (þingskj. 406).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 1. gr. Í stað annarar og þriðju málsgreinar og fyrstu línu fjórðumálsgreinar komi:

Í guðfræðisdeildinni eru 1 prófessor og 1 dósent.

Í lagadeildinni eru 1 prófessor, 1 dósent og 1 aukakennari með 1600 kr. launum.

Í læknadeildinni eru 1 prófessor, 1 dósent og 6 aukakennarar. Aukukennarar eru:

Við 2. gr. Í stað fyrstu og annarar málsgreinar komi:

Prófessorar hafa 3000 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr.

Dósentar hafa 2400 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.